



Viðtal við Ch. Hörstel þann: Skýrsla Amnesty International um Sýrland.



Viðtal við Ch. Hörstel þann 23.12.2015: Skýrsla Amnesty International um Sýrland.

Viðtal við Ch. Hörstel þann 23.12.2015:
Skýrsla Amnesty International um Sýrland.

Spyrill:

Gott kvöld, herra Hörstel. Nánast allir stærstu fjölmiðlarnir fjölluðu í dag, 23. des. um skýrslu Amnesty International um loftárásir Rússa í Sýrlandi. Þar gagnrýnir Amnesty Rússland harðlega. Í loftárásum Rússa í Sýrlandi hafi hundruð almennra borgara látist. Mannréttindasamtökin tala um stríðsglæpi. Herra Hörstel, hvernig metur þú þessa tilkynningu?

Christoph Hörstel:

Mjög athyglisverð framganga, ekki satt, þegar slíkar ásakanir koma daginn fyrir jól og ekki bara í Þýskalandi og ekki bara í einum fjölmiðli, heldur á heimsvísu og síendurtekið í öllum stórum vestrænum fjölmiðlum. Allt frá CNN yfir í Financial Times, með Guardian og Independent í London. Þetta bergmálar í öllum stóru fjölmiðlunum í Þýskalandi: Tagesschau, Süddeutsche, Franfurter Allgemeine og ég sá þetta fyrst í Spiegel. Þegar maður byrjar að velta fyrir sér hvernig sé hægt að vinna úr þessu þá ber fyrst að nefna að þetta hefur öll einkenni hefðbundinnar vestrænnar fjölmiðlaherferðar – þannig verður að líta á þetta. Eins sé þetta skoðað út frá fagmennsku blaðamanna er hægt að leggja ótvírætt mat á þetta. Faglega tengist þetta ekki blaðamennsku heldur áróðri. Á hverju er hægt að þekkja það? Í mörgum fjölmiðlum var enginn Rússi spurður. Svo leiðis gerir maður ekki. Ef maður áskar þá þarf að hlusta á báðar hliðar. Þetta er lægsta stig blaðamennsku, eiginlega eru til mun flóknari reglur hvað þetta varðar. En þessi eina mikilvæga grunnregla að hlusta þarf á báðar hliðar á málinu, ef þær eru tvær – eða hlusta þarf á fimm hliðar ef um er að ræða fimm hliðar – hér er vegið alvarlega að henni.

Næsti punktur er að við erum jú ekki heldur alveg saklaus í viðhorfi okkar til fjölmiðla. Ef við lítum okkur nær og skoðum ákærurnar, þá sjáum við að þær eru fyrst og fremst þær sem þyrfti að ásaka USA og samverkamenn þeirra út um allan heim. Hér er verið að tala um að varpa sprengjum á almenning, hér er um að ræða hernaðaraðgerðir með klasa-vopnum sem ekki beinast að einu markmiði heldur hafa áhrif á stór íbúasvæði óbreyttra borgara - dæmigerðar árásir bandaríska lofthersins sem á síðustu mánuðum hafa náð hápunkti með mörgum sprengjuárásum á sjúkrahús. Og síðan þegar spurt er eftir — ég veit nákvæmlega hvernig það var í tilfallinu með Kabul – þá viðurkenna þeir, að þeir hafi sprengt þennan spítala og ástæðan var sú að þar voru Talíbanar meðhöndlaðir. Þetta er náttúrulega sjónarmið sem USA stendur fyrir og hefur náttúrulega ekkert hvorki að gera með alþjóðleg lög né yfirhöfuð nein lög né rétt.

Það er verkefni sjúkrahúss að meðhöndla alla — svona í framhjálaupi er það

Hippókratesareiðurinn. Eiður sem sérhver læknir þarf að sverja: Að hann hjálpi öllum, sama hvort þeir hafi áður drepíð einhvern eða tilheyri af tilviljun óvinum, eða hvers konar hatur sem þar getur legið að baki, eða fyrirlitning eða jafnvel harka laganna. Það skiptir allt engu máli: Þetta er fólk og það er slasað og þarf því meðhöndlun. Aðeins til þess að gefa smá bakgrunnsupplýsingar.

Það sem er líka mikilvægt, á hvaða heimildum byggir maður svona frétt. Og það er nú þessi fræga sýrlenska fréttastofa í London. Þetta er einhver bakherbergisskrifstofa, sem svo fáir vinna við að ómögulegt er þeir geti búið til slíkar fréttir. Og því kemur okkur það ekkert á óvart þegar skrifstofan í London sendir frá sér skjöl sem unnin hafa verið af leyniþjónustum og eru síðan einmitt framsend til þessarar skrifstofu. Þetta er hrein áróðurstofnun, virkar sem þjónustuaðili fyrir NATO, sem þar starfar og er rekin af Bretum. Með öðrum orðum er heimildinni hér alveg sérstaklega ábótavant.

Að lokum skulum við skoða Amnesty International. Samtökin Amnesty eru vestræn NGO (samtök ótengd ríkisstjórn). Vestræn NGO falla undir bandaríska hernaðarstarfsrammann Joint Vision 2020. Í fjölmiðlakafli hans er hægt að lesa sér til um hvers vegna slíkar fjölmiðlaherferðir eigi sér stað. Og í umfjölluninni um NGO má lesa að þau lúti því valdaapparati, sem USA beitir þegar komi til stríðs – því samkvæmt starfsrammanum eiga Bandaríkin í stöðugu stríði. Einnig Amnesty International tilheyrir þessum ramma. Síðan þarf maður náttúrulega að skoða aðrar heimildir. Þar eru ýmsar sem sem benda á að CIA og Bandaríska utanríkisráðuneytisins hafi mjög mikil áhrif innan Amnesty International.

Svona eru staðreyndirnar og þær leiða til þess að maður leggur þessa tilkynningu sorgmæddur til hliðar og segir: Við þurfum að líta á þetta þannig að þetta sé upphaf vestursins inn í harða bardagaárið 2016 sem beinist gegn Rússlandi.

Spyrill:

Hvað heldur þú herra Hörstel, að markmiðið sé með birtingu tilkynningarinnar um stríðsafbrot Rússlands einmitt núna - eins og allir fjölmiðlar stukku á?

Christoph Hörstel:

Þetta er hreinlega úthugsuð aðferðafræði: Hvenær fær maður sterkustu viðbrögðin? Hvenær truflar þetta hvað mest?

Þetta truflar auðvitað jólafriðinn — það finnst fólk ekki gott! Og það man eftir því og ber þetta með sér inni hátíðarnar.

Og það sem er ekki síður áhugavert: Dagsetningarnar sem liggja að baki þessari frétt eru margra mánaða gamlar. Það var alls ekkert nauðsynlegt að birta þær daginn fyrir jól. Líka hér getum við klárlega séð áróðursleg markmið.

Spyrill:

Kærar þakkir fyrir þetta mikilvæga mat þitt á stöðunni og hversu tilbúinn þú varst að gefa okkur þetta viðtal fyrirvaralaust.

Christoph Hörstel:

Gjarnan. Hafíð það gott og gleðileg jól.

eftir dd.

Heimildir:

<https://www.amnesty.org/en/latest/news/2015/12/syria-russias-shameful-failure-to-acknowledge-civilian-killings/>

<http://www.srf.ch/news/international/bericht-russische-bomben-treffen-wohngebiete-in-syrien>

<http://www.spiegel.de/politik/ausland/syrien-buergerkrieg-amnesty-international-wirft-russland-toetung-von-zivilisten-vor-a-1069233.html>

<http://de.sputniknews.com/militar/20151022/305125061.html>

<http://de.sputniknews.com/politik/20151221/306638186/russland-syrien-streumunion.html>

<http://domiholblog.tumblr.com/post/114311729044/dochregierungsorganisationen-gegen-syrien>

<http://hinter-der-fichte.blogspot.ch/2015/05/zdf-krokodilstranen-alligatoren-tarnen.html>

<http://www.nrhz.de/flyer/beitrag.php?id=20663>

Þetta gæti þér líka þótt áhugavert:

Kla.TV – Hinar fréttirnar ... frjálssar – óháðar – óritskoðaðar ...



- það sem fjölmiðlar ættu ekki að þegja um ...
- fáheyrt frá fólkinu, für das Volk ...
- reglulegar fréttir á www.kla.tv/is

Það borgar sig að fylgjast með!

Ókeypis áskrift með mánaðarlegu fréttabréfi á netfangið

þitt færðu hér: www.kla.tv/abo-is

Ábending öryggisins vegna:

Mótraddir eru því miður æ oftast þaggaðar niður eða þær ritskoðaðar. Svo lengi sem flytjum ekki fréttir samkvæmt áhuga og hugmyndafræði kerfisprespan getum við sífellt reikna með því að leitað sé eftir tillíástæðum til þess að loka fyrir eða valda Kla.TV skaða.

Tengist því í dag óháð internetinu! Smellið hér: www.kla.tv/vernetzung&lang=is

Licence:  Creative Commons leyfi sé höfundar getið

Við útbreiðslu og deilingu skal höfundar getið! Efnið má þó ekki kynna tekið úr því samhengi sem það er í. Stofnunum reknum af opinberu fé (RÚV, GEZ, ...) er notkun óheimil án leyfis. Brot á þessum skilmálum er hægt að kæra.